


Uppboðsforritið “RSF klukka”



Handbók

RSF klukka - Lýsing

Til þess að nota klukkuna þarf:

Windows 7 eða nýrra
macOS 10.10 eða nýrra
Skjáupplausn 1280x1024
Góða nettingu
Klukkan styður Chrome, Firefox og Safari vafra.

Eftirfarandi er lýsing á RSF klukku og handbók um notkun á henni.

Til þess að opna RSF klukku þarf að opna vefsíðu RSF (rsf.is) og skrá sig inn í einkaaðgang. Síðan er smellt á "Kaupendur" og neðst í flipanum er smellt á "RSF klukka". Þegar það er gert er beðið um lykilorð sem verður það sama og í Fiskneti fyrst um sinn. Ef þið sjáið þetta ekki á síðunni þá þarf að opna fyrir klukkuna hjá ykkur. Hafið samband við RSF um það. Hér má sjá mynd af RSF klukku.

K
Kaupandi
Undirkaupendur

Hámarksúttekt

Gæði tengingar

Reiknistofa fiskmarkaða hf - 950 -13.935 kr 2

1 - 2 Ólafsvík/FMSNB Nýr + handfæri Flokkað Lína Porskur Ó Vélflokkað 0-1,2 kg 2/2 250

Seldar stæður

Stæða Tegund Stærð S/O Ein. Kg Verð

Síðustu seldu stæður

Kaup

Tegund Samtals Ein. Kg Meðalverð

Keyptur fiskur

Stæða sem verið er að bjóða upp

Porskur
Óslægt, 250kg
Vélflokkað 0-1,2 kg
Lína
FMSNB / Ólaf
Ath! + handfæri

H V O E F M T

Hiljóð Mitt verð Opna stæðulista Eyða öllum tilboðum Fylgja stæðulistanum

1 - 2	SAMANTEKT	Lína	Vf 0-1,2	Flokkað	8. jún	Nýr	FMSNB / Ólaf	250	2/2	Tilboð	
+ handfæri											
3	Handfærabátar (Grundarfi)	Færi	Vf 0-1,2	Flokkað	8. jún	Nýr	FMIS / Grun	320	1/1	Tilboð	
4	Hlökk	Lína	Smár	Ísað	8. jún	Nýr	FMHÓ / Hólm	300	1/1	Tilboð	
5	Benni	Lína	Smár	Ísað	0.9	8. jún	Nýr	FMS / Höfn	50	1/1	Tilboð
Bland undirmali											
6	Jón Guðfinnsson	Færi	Smár	Ra/ísað	7. jún	1d	FMVF / Bolu	55	1/1	Tilboð	
7	Kári	Færi	Smár	Í krapa	8. jún	Nýr	FMS / Grin	70	1/1	Tilboð	
Áætlun											

Hér má sjá hver er að kaupa, hámarksúttektina, gæði tengingar, græn tenging er mjög góð, appelsínugul tenging er í lagi en ef rauð þá nær kaupandinn ekki sambandi við klukkuna. Lægri tala sýnir betri tengingu.

Ef kaupandi er með “Undirkaupendur” er hægt að styðja á gluggann fyrir ofan klukkuna (**K**) og kaupandi valinn. Einnig er hægt að styðja á númer undirkaupandans á lyklaborðinu eins og áður. Ef gera á tilboð verður hægt að velja undirkaupanda með því að styðja á örina í kaupendasviðinu. Efst er stæðan sem er í boði auk þess er hún lituð græn í uppboðslýsingunni og síðan er fisktegund, magn, ástand, stærð, veiðarfæri, staðsetning og athugasemd sýnd við hliðina á klukkunni.

Skilaboð frá uppboðshaldara sjást fyrir ofan klukkuna.

Síðustu seldu stæður sjást vinstra megin við klukkuna ásamt söluverði og þar fyrir neðan sést hvað kaupandinn hefur keypt.

Uppboðslýsingin er fyrir neðan klukkuna. Það er hægt að láta uppboðslýsinguna fylgja uppboðinu með því að haka í reit (**F**).

Tilboð eru gerð með því að smella á tilboðstakkann (**T**). Ekki er hægt að gera tilboð þar í stæðu sem er verið að bjóða upp og komin á klukkuna. Með því að styðja á rauða takkann (**E**) fyrir ofan stæðulistann er **öllum** tilboðum eytt.

Klukkan sjálf er í raun alveg eins og áður, stæðunúmer, verð ásamt einingafjölda og lágmarkseiningar sem þarf að taka. Það er talið niður eins og áður og það er sýnt í verðsviðinu með rauðum reit auk þess sem reitirnir litast á klukkunni. Litirnir sem birtast breytast eftir hundruðum.

Litirnir eru eftirfarandi:

600 +	Grátt
500 – 599	Appelsínugult
400 – 499	Grænt
300 – 399	Blátt
200 – 299	Fjólublátt
100 – 199	Dökkgrænt
0 – 99	Grátt

RSF klukka - Notkun

Til að kaupa á klukkunni er hægt að ýta á “**Stafabil**” eða “**Enter**” eins og áður. Auk þess er hægt að nota nokkrar aðrar aðferðir.

Þegar keypt er kemur hljóðmerki hjá þeim sem kaupir. Það er hægt að slökkva á hljóðmerkjum ef notandinn vill. Það er gert með því að taka hakið úr (**H**).

Plús “+” og mínus “-“.

Ef val er um fjölda eininga í stæðu er hægt að styðja á “+” í stað “**Stafabils**” eða “**Enter**” ef kaupandinn hyggst taka þær allar án þess að valglugginn opnast. Auk þess er hægt að nota “-“ til að taka lágmarksfjölda eininga. Þetta flýtir fyrir í uppboðinu. Þessa takka er auðvitað hægt að nota þrátt yfir að ekki sé val um fjölda eininga.

Snöggboð á klukku.

Hægt er að smella á með músinni í reit í klukkunni (hringnum) á því verði sem viðkomandi hyggst bjóða í. Þá litast reiturinn rauður og talning stöðvast þar og kaupandinn fær fiskinn ef talningin er ekki stöðvuð áður. Það er hægt að hætta við snöggboð með því að styðja á “q”, smella aftur á reitinn eða smella á nýjan reit og þ.a.l. gera nýtt snöggboð.

Snöggboð með “t”

Einnig er hægt að styðja á “t” og þá opnast reitur á klukkunni sem hægt er að slá inn verðið sem kaupandinn er tilbúinn að greiða og síðan á “**Enter**” Hann fær síðan fiskinn ef talningin er ekki stöðvuð áður. Það er hægt að hætta við snöggboð með því að styðja á “q”, “**Esc**” eða styðja aftur “t” og gera nýtt snöggboð.

Þrátt fyrir að snöggboð séu sett inn er hægt að kaupa á herra verði með því að styðja á “**Stafabil**”, “**Enter**”, “+” eða “-“.

Merkja stæður

Hægt að merkja stæður með því að styðja á (**M**) í stæðulistanum. Ef stæða er merkt gefur tölvan frá sér hljóðmerki þega 4 stæður eru í að hún kemur á klukkuna. Þetta hljóðmerki kemur þrátt fyrir að það sé búið að slökkva á öllum hljóðum í stikunni fyrir ofan stæðulistann.

Tilboð (T)

Hægt að setja inn tilboð eins og áður og það er gert í uppboðslýsingunni með því að styðja á tilboðstakkann í stæðunni (T) og setja inn verðið sem kaupandinn er tilbúinn að greiða, einingafjöldann og undirkaupanda ef við á með því að styðja á örina á kaupendasviðinu. Þetta er alltaf hægt að gera þrátt fyrir að uppboðið sé í gangi (að telja niður). Ekki er hægt að gera tilboð þar í stæðu sem er verið að bjóða upp og komin á klukkuna. Þarf ekki að hafa forritið í gangi til að tilboðið virki. Hægt að slökkva og fara heim. Til að hætta við tilboð þegar stæðan er á klukkunni er ýtt á **h**.

Ef hakað er í "Taka eingöngu valinn fjölda eininga" þá býður tölvan bara í þann fjölda, ekki í færri. T. d. ef gert er tilboð í 6 einingar og hakað við býður kerfið aðeins í ef 6 einingar eru í boði. Ef ekki er hakað í tekur kerfið það sem er í boði en að hámarki 6 einingar. Stutt er á Tilboðstakkann og síðan á rauða takkann til að eyða tilboði. Einnig er hægt að eyða **öllum** tilboðum með því að styðja á rauða takkann (E) fyrir ofan stæðulistann.

Hljóð (H)

Hægt er að velja um hvort kerfið gefi frá sér hljóð eða ekki, t.d. þegar klukkan fer af stað, þegar keypt er og svo frv.

Mitt verð (V)

Hægt er að velja hvort "Mitt verð" sé sýnilegt á klukkunni. Stefnt er á að gera það sjálfvirkt að hluta í framtíðinni. Hægt er að setja inn kostnað á allar stæður eða einstakar staðsetningar. Þeir sem hafa áhuga á að nota það og vantar leiðbeiningar hafa samband við RSF.

Opna stæðulista (O)

Með því að styðja á "Opna stæðulista" er hann opnaður í nýjum glugga og hægt að færa hann yfir á annan skjá. Þar er hægt að sía hann eftir fisktegundum, veiðarfærum og fleira. Einnig hægt að merkja stæður "M" og gera tilboð. Mælum með að hafa 2 skjái og hafa stæðulistann á öðrum þeirra.

Fylgja stæðulistanum (F)

Með því að haka í "Fylgja stæðulistanum" og þá fylgir stæðulistinn uppboðinu og stæðan sem er til sölu er græn og alltaf efst.

Samantekt á flýtyklum fyrir RSF klukku

Kaupa	Stafabil eða Enter
Kaupa allar einingar	+
Kaupa lágmarkseiningar	-
Stilla snöggtilboð	t
Hreinsa snöggtilboð	q eða Esc
Velja undirkaupendur	0-9, u
Hætta við virkt tilboð	h
Setja inn tilboð	Styðja á "Tilboð"
Merkja stæðu	Styðja á "M"
Stækka/minnka klukku/stafi	Ctrl og + (Cmd og +) til að stækka. Ctrl og - (Cmd og -) til að minnka.